

Drög

Yfirlýsing vegna lóðarinnar Öldugata 41 Hafnarfirði

Landssamtökin Þroskahjálp og Hafnarfjarðarbær gera með sér eftirfarandi samkomulag:

1. Húsbyggingasjóður Landssamtakanna Þroskahjálpar mun sækja um lóðina að Öldugötu 41 og reisa þar leiguíbúðir ætlaðar fötluðu fólki, ásamt viðbótarrými vegna fötlunar íbúa. Húsbyggingasjóður mun leigja íbúðirnar út til einstaklinga sem Hafnarfjarðarbær ákveður samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 1054 frá 29. des 2010 um þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum. Önnur nýting á húsnæðinu en að framan greinir er óheimil nema með samþykki stjórnar Húsbyggingasjóðs.
2. Upphaf leigutíma miðast við verklok húss. Gerður verður formlegur leigusamningur um húsnæðið síðar þegar verð, fjármagnskostnaður og tímsetningar liggja fyrir. Íbúar munu greiða til Húsbyggingasjóðs leigu vegna síns einkarýmis. Hafnarfjarðarbær mun greiða húsaleigu fyrir starfsmannarými og annað sér rými sem til komið er vegna fötlunar einstaklings. Upphæð húsaleigu Hafnarfjarðarbæjar mun taka mið af því fjármagni sem bærinn fær greitt sem húsnæðiskostnað vegna þeirra íbúa sem þarna búa úr Jöfnunarsjóði.
3. Aðilar eru sammála um að leiguverð skuli taka mið af leiðbeiningum Íbúðalánasjóðs og vera 7,62 % af stofnkostnaði hússins á ári enda fái Húsbyggingasjóður 90% lán frá Íbúðalánasjóði á 3,5% vöxtum. Til stofnkostnaðar auk byggingakostnaðar teljast einnig þeir liðir aðrir sem Íbúðalánasjóður samþykkir sem stofnkostnað í uppgjöri sínu við Húsbyggingasjóð, þar með talinn fjármagnskostnaður á byggingartíma. Húsbyggingasjóður mun taka framkvæmdalán frá viðskiptabanka sem býður best kjör. Húsbyggingarsjóður mun fjármagna 10% stofnkostnaðar.
Leigufjárhæðin breytist mánaðarlega samkvæmt vísitölu neysluverðs.
Verði fjármögnun hússins með öðrum hætti lýsa aðilar því yfir þeir munu semja um leigufjárhæð sem byggir á þeim fjármagnskostnaði sem af húsinu hlýst til framtíðar.
4. Húsbyggingasjóður og Hafnarfjarðarbær koma sér saman um hönnuði, verktaka og eftirlitsaðila með bygginu hússins .
5. Hafnarfjarðarbær mun taka að sér að finna Húsbyggingasjóði nýja leigjendur þegar þörf er á. Verði óeðlilegur dráttur þar á áskilur Húsbyggingasjóður sér rétt til að innheimta leigu fyrir þann drátt hjá bæjaryfirvöldum

Yfirlýsing þessi er gerð í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík ? 2015

f.h. Landssamtakanna Þroskahjálpar

f.h. Hafnarfjarðarbæjar

Sveinn E. Sigurðsson, formaður
Húsbyggingasjóðs

Friðrik Sigurðsson, framkvæmdastjóri